

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 13. nóvember kl. 9:00 var haldinn 54. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Pawel Bartoszek, Aron Levi Beck, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson og Þór Elís Pálsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Sigurjóna Guðnadóttir og Gréta Mar Jósépsdóttir. Fundarritari er Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. nóvember 2019.

2. Hönnun fyrir alla - leiðbeiningar, kynning Mál nr. US190338

Kynning á nýjum leiðbeiningum, Hönnun fyrir alla - algild hönnun utandyra, sem unnin er af Verkís fyrir Vegagerðina og Reykjavíkurborg.

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir frá Verkís og Berglind Hallgrímsdóttir frá Eflu taka sæti undir þessum lið.

3. Göngugötur Reykjavíkurborgar, skýrsla Maskínu Mál nr. US190363

Lögð fram skýrsla Maskínu dags. í september 2019 vegna könnunar sem gerð var um göngugötur Reykjavíkurborgar.

Kynnt

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Fulltrúi Miðflokksins er löngu hættur að furða sig á framgöngu meirihluta borgarstjórnar í þessum málaflokki. Spurningum í könnunum þeim sem hér eru kynntar eru ekki til þess fallnar að fá fram hug borgarbúa til þess er málið raunverulega varðar sem er: Varanleg lokun Laugavegs allt frá Hlemmi til enda og Skólavörðustígs allt frá Bergstaðastræti til enda, fyrir bílum, allt árið um kring í öllum veðrum og vindum. Á fyrri árum hefur spurningin verið: Ertu jákvæður eða neikvæður gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?

Í ár er spurningin: „Ertu jákvæður eða neikvæður gagnvart göngugötum í miðborginni?“ Hvers vegna? Jú, meirihlutinn ákvað spurninguna.

Aldrei er spurt réttu spurningarinnar: Ertu jákvæður eða neikvæður gagnvart varanlegri lokun Laugavegs allt frá Hlemmi og Skólavörðustígs allt frá Bergstaðastræti, allt árið, í öllum veðrum og vindum? Hætt er við að niðurstöður úr slíkri könnun yrðu ekki að óskum meirihluta borgarstjórnar. Því er hennar ekki spurt.

Meirihlutinn virðist ætla að halda sig við fyrri stefnu sem best verður lýst í þeim orðum er féllu í umræðu um málið á fyrri stígum: „Okkur er alveg sama hvað fólk vill, við ætlum að gera þetta.“ Guð blessi Reykjavík.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar gagnbóka: Fullyrðingar um hrun atvinnustarfsemi í kjölfar þess að gangandi vegfarendum sé gefið aukið vægi í borgarumhverfinu eiga ekki við rök að styðjast. Niðurstöður könnunarinnar eru þær að 7 af hverjum 10 Reykvíkum eru hlynntir göngugötum. Meirihluti Reykvíkinga er hlynntur göngugötum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar: Í þessari könnun er það staðfest sem Flokkur fólksins hefur alltaf sagt að vaxandi óánægja borgarbúa með að breyta helstu verslunargötum í göngugötur. Á þessar kvartanir og ýmsar jákvæðar ábendingar hlustar meirihlutinn ekki. Jákvæði hópurinn hefur nú minnkað um heil 9% að sögn starfsmanns Maskínu. Eftirtektarvert er að fólk sem býr á Kringlusvæðin hefur breytt um skoðun, áhugi þess hefur minnkað um 30 %. Það væri gróft ef borgarmeirihlutinn ætlað að hunsa þetta þar sem hér er um afgerandi niðurstöðu að ræða. Hér er sönnun þess að skipulagsyfirvöld hafa ekki haft neitt samráð og hafa rekstraraðila barist fyrir að fá hlustun frá því að atlagan hófst, en ekki fengið.

Öllum er kunnugt um hina miklu óánægju er varðar lokanir og þá ákvörðun að opna þær ekki að nýju núna í október eins og ráð var fyrir gert. Verslun hefur hrunið eftir að þessum götubútum var lokað fyrir bílaumferð. Afleiðingin er að verslunareigendur hafa flúið í stórum stíl með verslanir sínar af svæðinu. Orsök og afleiðing er lögmál sem erfitt er að hunsa.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar gagnbóka: Fullyrðingar um hrun atvinnustarfsemi í kjölfar þess að gangandi vegfarendum sé gefið aukið vægi í borgarumhverfinu eiga ekki við rök að styðjast. Niðurstöður könnunarinnar eru þær að 7 af hverjum 10 Reykvíkum eru hlynntir göngugötum. Meirihluti Reykvíkinga er hlynntur göngugötum.

Fulltrúi Maskínu Birgir Rafn Baldursson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN190246
Korpulína, breyting á aðalskipulagi

Að lokinn kynningu á drögum að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. í september 2019 er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í nóvember 2019 að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Tillaga að breytingu nær annarsvegar til legu Korpulínu 1 milli tengivirkisins við Geitháls að tengivirki Korpu við Vesturlandsveg og hinsvegar til lítilsháttar breytingar á legu Rauðavatnslínu 1, frá Geithálsi að aðveitustöð við Suðurlandsveg. Einnig er lögð fram umhverfisskýrsla dags. september 2019. Eftirtaldir stofnanir sendu umsagnir vegna kynningar á drögum á tillögu umhverfis- og skipulagssviðs: Mosfellsbær dags. 11. október 2019, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 24. október 2019 og Garðabær dags. 25. október 2019. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu að breytingu að aðalskipulagi í samræmi við 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN190323
íbúðarbyggð og blönduð byggð, breyting
á aðalskipulagi Reykjavíkur

Kynnt er staða vinnu og næstu skref.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

6. Rafhjól til útláns, Kynning á verkefninu Mál nr. US180405

Lögð fram skýrsla Trafkon AB vegna tilraunaverkefnisins um rafhjól til útláns.

Kynnt

Fulltrúi Trafkon AB Höskuldur Kröyer tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Tækniskólinn, fyrirhuguð nýbygging (04.2) Mál nr. SN190006
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 17. desember 2018 vegna samþykktar borgarráðs frá 13. desember 2018 á tillögu borgarstjóra dags. 11. desember 2018 um fyrirhugaða nýbyggingu Tækniskólans. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. nóvember 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. nóvember 2019 lagt fram.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

8. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1043 frá 5. nóvember 2019.

(E) Samgöngumál

9. Umsókn um sérmerkt P-stæði, Bílastæði Mál nr. US190368

Lagt er fram bréf dags. 5. nóvember 2019 vegna umsóknar um sérmerkt p-stæði við Þingholtsstræti 6, var samþykkt á fundi P-nefndar í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis þann 28.10.2019. Lagt fyrir skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur til kynningar og endanlegrar samþykktar.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

10. Miðborgin - gjaldskylda bílastæða, Mál nr. US190366
áskorun til skipulags- og samgönguráðs

Lagt fram erindi stjórnar Miðborgarinnar okkar dags. 31. október 2019 þar sem skorað er á skipulags- og samgönguráð að fresta áformum um gjaldskyldu í bílastæði í Miðborginni á sunnudögum.

Vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Fulltrúi Miðflokksins tekur heilshugar undir áskorun Hagsmunasamtakanna Miðborgin Okkar. Áskorunin er vel rökstudd og sanngirnismál að við henni verði orðið.

(C) Fyrirspurnir

11. Brautarholt 8, (fsp) hækkun húss (01.241.2) Mál nr. SN180823
570215-0350 Urban arkitektar ehf., Túngötu 45, 101 Reykjavík
181066-4079 Snorri Waage, Hlíðarbyggð 19, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Urban arkitekta ehf. dags. 30. nóvember 2018 ásamt greinargerð dags. 27. nóvember 2018 um hækkun hússins á lóð nr. 8 við

Brautarholt úr þremur hæðum í fimm hæðir, samkvæmt uppd. Urban arkitekta ehf. dags. 16. nóvember 2018, breytt 11. október 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2018. Lagt fram að nýju ásamt breyttum gögnum/tillögu 26. ágúst /11. október 2019, greinargerð dags. 21. október 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. október 2019. Jákvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. október 2019.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

12. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US190255
Laugarásvegur (USK2019100036)

Samkvæmt ábendingu er undirrituðum barst er sá hluti Laugarásvegs er liggur að húsum nr. 39,41,43 og 45 ómalbikaður, holóttur og slæmur yfirferðar.

1. Er í bígerð að bæta úr þessu?
2. Með hvaða hætti á endurbæta götuhlutann?
3. Hvenær mega íbúar reikna með að endurbætur götuhlutans hefjist?
4. Hvenær mega íbúar reikna með að endurbótum götuhlutans ljúki?

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 28. október 2019.

13. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US190257
vegna Sæbrautar (USK2019100037)

Áður óséð ófremdar ástand hefur ríkt stóran part dags síðustu mánuði á Sæbraut í austur, allt frá Hörpu að Höfða vegna framkvæmda við gatnamót Sæbrautar/Snorrabrautar.

Undirritaður hefur á liðnum vikum fylgst með framgangi framkvæmda og getur því staðfest að í rúman mánuð hið minnsta hefur þrenging Sæbrautar í eina rein vegna þessa, verið algjörlega óþörf.

Hverfisgata og þvergötur hafa fyrir vikið verið yfirfylltar svo afleiðinga gætir víða.

1. Hvernig má það vera að eitt vörubretti valdi lokun Sæbrautar niður í eina rein svo vikum skiptir?
2. Hvaða tímarammi var settur fyrir verkið?
3. Hvaða tímarammi var settur fyrir heimildir lokunar reina og þar með ófremdar ástands?
4. Hvenær lýkur þessu verki?

Undirritaður er ekki einn um áhyggjur af slíku verklagi og hér hefur verið beitt og leggur þessa fyrirspurn fram fyrir hönd fjölda borgarbúa sem til undirritaðs hafa leitað vegna málsins.

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 28. október 2019.

14. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US190166
Leikvöllur við Laufrima
(USK2019100034)

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði óska eftir upplýsingum um það hvort að setja eigi aftur upp leikvöll fyrir neðan Laufskála við Laufrima í Grafarvogi. Fyrir um tveim árum síðan þá voru öll leiktæki fjarlægð af þessum leikvelli.

Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 28. október 2019.

Í þeim tilgangi að auka sjálfbærni Staðahverfis og tryggja skólahlald í Korpuskóla til framtíðar er skipulagsfulltrúa falið að gera tillögur að breytingum á aðal- og deiliskipulagi hverfisins sem miða að því að fjölga íbúum og þetta byggð. Gert verði ráð fyrir því að önnur þjónusta og verslun fái einnig tækifæri til að þróast innan hins nýja skipulags. Sérstök áhersla verði lögð á að nýjar íbúdir henti vel ungum barnafjölskyldum og fyrstu kaupendum. Áform meirihluta borgarstjórnar um að loka Korpuskóla munu draga úr lífsgæðum fjölskyldna sem búa í Staðahverfi og hafa áhrif á áhuga fólks á að flytja í hverfið. Það er því mikilvægt að flyta skipulagsgerðinni sem kostur er og leggja drög að skipulagsbreytingum fyrir ráðið og íbúa hverfisins hið allra fyrsta.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Vísað til meðferðar skipulagsfulltrúa og deildarstjóra aðalskipulags.

16. Skólavörðustígur 8, kæra 104/2019, (01.171.2) Mál nr. SN190624
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. október 2019 ásamt kæru dags. 9. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir billjarðstofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. nóvember 2019.

17. Skólavörðustígur 8, kæra 105/2019, (01.171.2) Mál nr. SN190622
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. október 2019 ásamt kæru dags. 9. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir billjarðstofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. nóvember 2019.

18. Skólavörðustígur 8, kæra 106/2019, (01.171.2) Mál nr. SN190621
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. október 2019 ásamt kæru dags. 13. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir billjarðstofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. nóvember 2019.

19. Skólavörðustígur 8, kæra 108/2019, (01.171.2) Mál nr. SN190660
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. október 2019 ásamt kæru dags. 13. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir billjarðstofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. nóvember 2019.

20. Skólavörðustígur 8, kæra 110/2019, (01.171.2) Mál nr. SN190661
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. október 2019 ásamt kæru dags. 25. október 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa Reykjavík frá 10. september 2019 um leyfi fyrir billjarðstofukrá með vínveitingaleyfi fyrir 30 gesti, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. nóvember 2019.

21. Skógarsel 41-43, Alaskareitur, kæra (04.931.2) Mál nr. SN190453
71/2019, umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 24. júlí 2019 ásamt kæru dags. s.d. þar sem kærandi fer fram á að úrskurðað verði um deiliskipulagsskilmála frá 2002 er varðar einkaafnotafleti til suðurs með öllum neðstu hæðum Skógarsels 41-43. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 8. nóvember 2019.

22. Tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks, Mál nr. US190369

Lagt er til að Reykjavíkurborg reisi minnisvarða um brautryðjandann og baráttukonuna, Auði Auðuns, í borgarlandinu. Listasafni Reykjavíkur verði falið að velja listamann til að hanna minnisvarðann og umhverfis- og skipulagssviði verði falið að finna minnisvarðanum stað í borgarlandinu.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Vísað til menningar- og ferðamálassviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.

23. Tillaga Flokks fólksins, að staðið sé betur Mál nr. US190370
að undirbúningi framkvæmda til að koma
í veg fyrir óþarfa tafir.

Flokkur fólksins leggur til að staðið sé betur að undirbúningi framkvæmda til að koma í veg fyrir óþarfa tafir. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að tryggja mun betur, en gert hefur verið, að allt tiltækt sem þarf til verkefnisins sé til staðar áður en verkið hefst s.s. nægan mannskap á öllu tímabilinu, næg tæki og tól og umfram allt, allt efni sem þarf til framkvæmdanna. Þannig verður tryggara að kostnaður fari ekki úr böndum og að tafir verði á verkinu verði óverulegar. Tafir eins og hafa verið á Hverfisgötu eru ekki líðandi og hafa þær stórskadað rekstur þar og þar með sett rekstraraðila og fjölskyldur þeirra í mikinn vanda sem taka mun langan tíma að ná sér upp úr.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Frestað.

24. Tillaga Flokk fólksins, um skilvirkari Mál nr. US190371
vinnubrögð við framkvæmdir og
undirbúning í miðborg Reykjavíkur.

Varaborgarfulltrúi Flokk fólksins leggur til að farið verði gaumgæfilega í gegnum verkferla innan borgarinnar varðandi framkvæmdir í miðborginni. Jafnframt verði skoðað með alvarlegum hætti hvornig hæg er að haga samskiptum við borgarbúa og hagsmunaaðila sem eru staðsettir á því svæði sem framkvæmdir fara fram. Borgaryfirvöld verða að hafa í huga að bæði þeir sem eiga húsnæði og eru með rekstur á framkvæmdasvæði hafa sinn rétt á upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir og gang þeirra á öllu verkferlinu. Framkvæmdir eiga

ekki að hafa svo víðtæk áhrif á íbúa og rekstraraðila að viðkomandi neyðast til að flytja af svæðinu eða hætta rekstri. Það er á ábyrgð borgarinnar að tryggja öllum íbúum hennar og rekstraraðiljum skjól. Flokkur fólksins leggur jafnframt til að áður en framkvæmdir hefjast sé tryggt að verktakar hafi allt sem þarf til verkefnisins, nægan mannskap á öllu tímabilinu, næg tæki og tól og umfram allt, allt efni sem þarf til framkvæmdanna. Ekki ætti að treysta á sendingar af efni sem ætlað er í framkvæmdir komi settum tíma til landsins, heldur verið að gera þá kröfu að allt efni sé til staðar þegar framkvæmdin hefst.

Tillögunni fylgir greinargerð.
Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 11:45**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Pawel Bartoszek
Aron Leví Beck
Hildur Björnsdóttir

Hjálmar Sveinsson
Eyþór Laxdal Arnalds
Katrín Atladóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 5. nóvember kl. 10:50 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1043. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Másson, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Edda Þórsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Lulu Munk Andersen og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Austurstræti 3 (01.140.213) 100834 Mál nr.
BN056178
521288-1409 Fitjaborg ehf, Háholti 8, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að byggja flóttastiga á bakhlið húss, að hluta á lóðinni Hafnarstræti 4 og innréttu veitingastað í flokki III, teg. skemmtistaður á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 3 við Austurstræti.
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá EFLU dags. 15. mars 2019, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. maí og 16. júlí 2019, skýrsla um hávaðaútbreiðslu frá EFLU dags. 27. maí 2019, samningur um flóttastiga á lóð Hafnarstrætis 4 dags. 30. apríl 2019, samþykki meðeigenda, samþykki eigenda Hafnarstrætis 4 dags. 30. apríl 2019 og í byggingarlýsingu er farið fram á undanþágu frá kröfu um algilda hönnun í samræmi við grein 6.1.5 í byggingareglugerð. Minnisblað um hávaðaútbreiðslu frá Verkís dags. 6. september 2019. Leigusamningur um afnot sameignar dags. 30. október 2019 og kvittun fyrir greiðslu og móttöku leigusamnings til þinglýsingar hjá sýslumanni dags. 1. nóvember 2019.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.
Gjald kr. 11.200 + 11.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
2. Álfab. 12-16/Þönglab. (04.603.503) 111722 Mál nr.
BN056876
681295-2599 Álfabakki ehf., Vatnsstíg 16-18, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta verslunarrými í veitingastað í flokki II tegund C með hámarks gestafjölda 15 manns og tvo starfsmenn í rými 0102 í húsi nr. 12. mhl.01, á lóð nr. 12-16 við Álfabakka/Þönglabakka.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. Ásvallagata 25 (01.162.206) 101264 Mál nr.
BN056449
520407-0570 Ásvallagata 25, húsfélag, Ásvallagötu 25, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2., 3. og rishæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 25 við Ásvallagötu.
Erindi fylgir ódagsett samþykki allra húseigenda áritað á uppdrátt dags. 11. júlí 2019, undirritað umboð eiganda íbúðar 0301 dags. 11. júní 2019 og umboð eiganda íbúðar 0001, dags. 11. júní 2019 auk skýrslu burðarþolshönnuðar dags. 14. júlí 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. ágúst 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. ágúst 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. október 2019 fylgir erindi.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Ásvallagötu 23 og 27 og Brávallgötu 30 og 40 frá 13. september 2019 til og með 11. október 2019. Engar athugasemdir bárust.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Lagfæra skráningu.

4. Bakkastaðir 45 (02.421.103) 178891 Mál nr.
BN056601
041262-5329 Ingólfur Geir Gissurarson, Bakkastaðir 45, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050852 þannig að settir eru upp steyptir veggir á lóðarmörkum og staðsetningu á sorpi breytt á lóð nr. 45 við Bakkastaði. Erindi fylgir samþykki eigenda að nr. 41, 43 og 47 ódagsett.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðarmörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
5. Bergstaðastræti 8 (01.171.210) 101390 Mál nr.
BN056843
060264-7169 Þorsteinn Ágúst Ólafsson, Bergstaðastræti 8, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að loka svölum íbúðar 0202 á 2. hæð húss á lóð nr. 8 við Bergstaðastræti.
Erindi fylgir afrit af ódagsettu samþykki hluta meðeigenda og samþykki arkitekts dags. 31. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
6. Bergþórugata 55 (01.191.116) 102502 Mál nr.
BN056492
690411-0160 Hváll ehf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi allra hæða þannig að í húsinu verða 3 íbúðir, eldri svalir verða fjarlægðar og gluggar færðir nær upprunalegri gerð, nýjar svalir gerðar, sagað niður úr gluggum fyrir svalahurðir auk þess sem ný vinnustofa verður byggð á baklóð þar sem áður var skúr á lóð nr. 55 við Bergþórugötu.
Erindinu fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 18. ágúst 2019, varmatapsútreikningar mótt. 19. ágúst 2019, yfirlit yfir breytingar mótt. 19. ágúst 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2019.
Vinnustofa: 45,2 ferm., 115,3 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
7. Borgartún 8-16A (01.220.107) 199350 Mál nr.
BN056833
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051887 þannig að uppskiptingu og stærðum verslunarrýma á jarðhæð hefur verið breytt og flóttaleiðum bætt við í verslunar- og íbúðarhúsi við Bríetartún 9 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.

Erindi fylgir uppfærð skýrsla brunahönnuðar dags 11. október 2019 og yfirlit breytinga í A3 afriti af samþykktum aðaluppdráttum.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

8. Bólstaðarhlíð 5 (01.270.211) 103588 Mál nr.
BN056768

270980-4309 Davíð Kristófer Young, Bólstaðarhlíð 5, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að tengja geymslu, sem var í eigu íbúðar 0201, við íbúð 0001, fjarlægja vegg milli íbúðar og geymslu annars vegar og vegg á milli stofu og eldhúss hins vegar og koma fyrir nýrri geymslu, 0103, í bílskúr 0102 mhl. 02 á lóð nr. 5 við Bólstaðarhlíð.

Samþykki meðeigenda dags. 4. desember 2012 fylgir erindinu. bréf hönnuðar dags. 4. nóvember 2019 þar sem erindi BN056384 er afturkallað.

Gjald kr. 11.2000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

9. Bæjarháls 1 (04.309.601) 190769 Mál nr.
BN056729

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta dælu- og spennistöð mhl.07 þannig að þak er fjarlægt að hluta og hækkað um 1,6 m með stálgrind sem klædd verður með samlokueiningum á húsi nr. 1 við Bæjarháls.

Erindi fylgir hæðablað dags. desember 2000, mæliblað dags. 17. nóvember 2005 og samþykki meðeigenda með teikningu dags. 24. september 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. nóvember 2019 fylgir erindi.

Stækkun: 125,4 ferm., 320,7 rúmm.

Heildarstærð eftir stækkun: 255,6 ferm., 1.062,4 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.

10. Dunhagi 18-20 (01.545.113) 106483 Mál nr.
BN056641

510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052641 þannig að íbúðum er fjölgað úr 20 í 23, innra skipulagi breytt og verslunarrými sameinuð, gluggum breytt, gerðar svalir og sorp verslunar fært út á lóð húss á lóð nr. 18-20 við Dunhaga.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2019.

Mínnkun: -30,6 ferm., 96,9 rúmm.

Gjald kr. 11.200 + 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Þinglýsa skal kvöð um að ekki megi byrgja fyrir glugga á 1. hæð verslunarhúsnæðis, áður en byggingarleyfi er gefið út. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. Eggertsgata 2-34 (01.634.-99) 106682 Mál nr.
BN056795
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta eignanúmerum og skráningartöflu vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir hús nr. 121 við Suðurgötu, á lóð nr. 2-34 við Eggertsgötu.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
12. Fellsmúli 5-11 (01.294.302) 103829 Mál nr.
BN056746
450685-0629 Fellsmúli 9, húsfélag, Fellsmúla 9, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056064, á þann hátt að hliðar svalahandriða eru hækkaðar á svölum á suðurhlíð fjölbýlishúss nr. 9-11 á lóð nr. 5-11 við Fellsmúla.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
13. Fiskislóð 53-69 (01.087.401) 100008 Mál nr.
BN056883
650614-0620 Kaffibrugghúsið ehf., Öldugötu 42, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN050790 vegna lokaúttektar á kaffibrugghúsi og kaffihúsi í flokki III teg? fyrir hámarks gestafjölda alls 49 manns og 3-4 starfsmenn á 1. hæð í iðnaðarhúsi nr. 57-59, mhl. 02, á lóð nr. 53-69 við Fiskislóð.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
14. Flókagata 43 (01.245.312) 103267 Mál nr.
BN056780
180471-3089 Ragnar Þórisson, Hjallabrún 2, 810 Hveragerði
011173-3739 Hjördís Árnadóttir, Hjallabrún 2, 810 Hveragerði
110978-4729 Jóhanna Jakobsdóttir, Flókagata 43, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem eignarhald breytist og bílgeymslu, mhl.02, er breytt í geymslur fyrir íbúðir 0101 og 0201 í húsi á lóð nr. 43 við Flókagötu.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
15. Frakkastígur 8 (01.172.106) 101444 Mál nr.
BN056866
530906-0940 RR hótél ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
500613-0170 Blómaþing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi kjallara og hluta 1. hæðar verslunarrými við Hverfisgötu 60 á lóð nr. 8 við Frakkastíg
Erindi fylgir afrit af samþykktum teikningum.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

16. Garðastræti 14 (01.136.308) 100566 Mál nr.
BN055958
061148-3459 Guðrún Jónasdóttir, Garðastræti 14, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja rishæð með kvistum á þrjá vegu og gera þar sjálfstæða íbúð í húsi á lóð nr. 14 við Garðastræti.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 11. mars 2019 og 2. apríl 2019, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2019 og samþykki meðeigenda dags. 25. mars 2019 og 22. mars 2019. Einnig fylgir minnisblað Eflu um brunahönnun útgáfu dags. 20. maí 2019.
